

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 6. júlí 2020

Annar fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn í húsakynnum félagsins mánudaginn 6. júlí klukkan 10. Fundinn sátu Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Kristjánsson og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð. Valdimar Leó Friðriksson, fráfarandi framkvæmdastjóri sat einnig fundinn til að upplýsa stjórnarmenn um stöðu mála og það sem helst er framundan.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Mál Lovísu Birgisdóttur og væntanleg kæra hennar.
3. Fjármál og fjárhagur félagsins.
4. Orlof starfsmanna, sumarlokun skrifstofu.
5. Húsnæðismál félagsins.
6. Lausir endar frá aðalfundi ef einhverjir.
7. Sjúkrasjóður og hugsanlegur aukaaðalfundur um það málefni í haust.
8. Skipan fulltrúa í fastanefndir.
9. Fundur í trúnaðarráði.
10. Friðlýsingar og afgreiðsla þeirra

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Samþykkt athugasemdalaust.
2. **Mál Lovísu Birgisdóttur og væntanleg kæra hennar.** Óskar hefur tekið saman skýrslu sem hann sendir Pétri Gauta og Vilborgu á næstu dögum, þau fara yfir hana og senda Lovísu fyrir helgi. Hún er búin að fá allt greitt sem henni ber út Sjúkrasjóði. Launaseðlar sem hún hefur beðið um verða sendir henni í dag og þar með ættu hennar mál að vera afgreidd. Aukafélagsfundur verður haldinn að beiðni hennar verður haldinn fari tuttugu félagar eða fleiri fram á það skv. lögum félagsins. Það hefur aldrei verið gert en er heimilt að uppfylltum þessum skilyrðum.
3. **Fjármál.** Hefur verið og er flókið vegna þess að skipt var um endurskoðunarfyrtæki og lykjar óskírir og ekki samræmdir. Óskar vinnur að því að þetta verði skýrara og skilvirkara. Félagið er að leita að nýjum bókkara og endurskoðanda. Tekjur eru litlar um þessar mundir vegna ástandsins en í yfirliti koma fram þær gleðifréttir að Atvinuleysingatryggingarsjóður hefur greitt rúmar 4 milljónir til félagsins. Staðan núna er sú að verið að færa á milli banka og hafa klárt hvaða peningar eru í hvaða sjóði. Óskar fylgir þessu eftir og gerir grein fyrir stöðunni á næsta fundi. Mikil vinna og helstu þyrfti að hans mati að færa hlutfall starfsmanns upp í 75%. Samþykkt að skoða hvort það er gerlegt eins og nú árar.
4. **Orlof starfsmanna, sumarlokun skrifstofu.** Ragnheiður fer í frí núna. Hún hefur verið í vinnu frá því í janúar en enn hefur ekki verið gengið frá ráðningarsamningi við hana. Úr því þarf að bæta. Samþykkt að loka skrifstofunni í 2 vikur, frá 13. júlí til 4. ágúst.
5. **Húsnæðismál.** Frestað til næsta fundar.
6. **Lausir endar frá aðalfundi ef einhverjir.** Vilborg fer yfir fundargerð aðalfundar og sendir okkur. Lagafreytingar, koma þeim til ASÍ og inn á vefinn.
7. **Sjúkra- og orlofssjóður.** Frestað þar til mál skýrast varðandi aukafund.

8. **Skipan fulltrúa stjórnarinnar í fastanefndir.**

- Ritnefnd: Friðrik Rafnsson. Samþykkt.
- Fagráð: ákveðið að leita til Sigrúna Waage eða Mörtu Helgadóttur.
- Fræðslunefnd: Júlíus Freyr Theódórsson. Samþykkt.
- Alþjóðanefnd: ákveðið að leita til Jórunnar Rotenborg.

9. Fundur í trúnaðarráði ákveðinn 5. águst.

10. **Friðlýsingar.** Hafa standardsvar. Ritnefnd útbýr það út frá gögnum sem þegar hafa verið notuð. Meginlínan er jafnvægi verndar og nýtingar og að reynsla leiðsögumanna nýtist þar sem kostur er.

Annað:

Fara yfir núverandi lista yfir afslætti til félagsmanna og þess háttar. Júlli tekur það af sér.

Gera þarf könnun um menntun og reynslu leiðsögumanna til að fá betri mynd af þeim. Athuga með framkvæmd og fyrirkomulag á því.

Þarf í haust að fara í átaksverkefni varðandi skráningu leiðsögumanna í Leiðsögn en ekki í VR.

Fundi slitið kl 11:50. Næsti fundur haldinn í júlílok, formaður sendir nánara fundarboð síðar.